



Reykjavíkurborg
Helena Stefánsdóttir
Borgartún 12-14
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 15.1.2025
Málsnúmer: 202412-0002
IAS

Efni: Hólmsheiði, athafnasvæði 2. áfangi. tillaga að nýju deiliskipulagi

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst þann 28. nóvember 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um tillögu að nýjudeiliskipulagi, Hólmsheiði -Athafnasvæði-2. áfangi.

Deiliskipulagið nær yfir svæði sem er samanlagt um 50 ha að stærð. Svæðið afmarkast af Suðurlandsvegi og Hólmsá í suðri og væntanlegu athafnasvæði (1. áfangi) til austurs. Að norðan nær svæðið að opnu svæði í námunda við tengivirki Landsnets og að svæði sem tileinkað er hestamennsku. Aðkoma að athafnasvæðinu er um Vegbrekkur vestanvert en um Nesjavallaleið að austan þegar 1. áfangi skipulagsins er byggður upp austanvert.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulagsins þann 5. maí 2021 og á margt sem kemur fram í þeirri umsögn enn við og er því jafnframt vísað í þá umsögn:

(https://www.ni.is/sites/default/files/atoms/files/holmsheidi_2_afangi.pdf).

Skipulagssvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar, utan náttúruverndarsvæða og þar eru ekki vistgerðir eða þekktar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Vegna nálægðar við vatnsból Veitna við Gvendarbrunna var metin möguleg mengunarhætta frá athafnasvæðinu. Þó lítil hætta sé talin á mengun frá athafnasvæðinu verða gerðar ráðstafanir gagnvart mögulegum mengunarhættum og verður svæðið meðhöndlað eins og um sé að ræða öryggissvæði fyrir yfirborðsvatn.

Í fyrri umsögn Náttúrufræðistofnunar var lagt til að kannað yrði hvort á svæðinu væru hvalbök eða aðrar jarðminjar sem vert væri að vernda og að fjallað yrði um fuglalíf á svæðinu. Ekki er að sjá á tillögunum að það hafi verið gert.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi málsins.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur